

Alþingi
Erindi nr. P 135/377
komudagur 22. 11. 2007

SFF

SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 22. nóvember 2007

Nefndasvið Alþingis
bt. samgöngunefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til brt. á siglingalögum, nr. 34/1985 (88. mál)

Vísað er til umsagnarbeiðni nefndarinnar. Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins byggjast þær breytingar sem þar eru lagðar til á alþjóðlegum kröfum um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum. Samtök fjármálafyrirtækja telja eðlilegt að Ísland fylgi alþjóðlegum kröfum í þessum efnum, sem öðrum.

SFF hafa leitað upplýsinga hjá einstökum aðildarfélögum sínum um líkleg áhrif slíkra breytinga á iðgjöld. Almennt virðist ekki gert ráð fyrir að þau áhrif verði mikil, m.a. varðandi váttryggingar fyrir íslenska fiskiskipastólinn. Hins vegar kunna áhrifin að verða nokkur hvað varðar váttryggingar fyrir skip er stunda farþegaflutninga á sjó, vegna mikillar hækkunar á farþegaábyrgð.

SFF vilja benda sérstaklega á að frumvarpið ráðgerir að þessar breytingar taki gildi um næstu áramót, eða örfáum vikum eftir væntanlega lögfestingu frá Alþingi. Í ljósi þess að þessar breytingar geta haft ákveðin áhrif á endurtryggingarsamninga og þar með iðgjöld og að tryggingafélög eru með útistandandi tryggingar fram á næsta ár, væri eðlilegt að miða gildistöku við t.d. 1. júlí 2008.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri